

Urriðaholtsstræti 6-8

Skipulagsstofnun
Jón Smári Jónsson
Borgartún 7b
105 REYKJAVÍK

Garðabær, 15. nóvember 2019
2019100048/42-0
JG, RT, TB
tb

Golfvöllur við Rif, matsskylda

Vísað er til bréfs frá Skipulagsstofnun, dags. 24. október sl., þar sem óskað er eftir umsögn Náttúrufræðistofnunar Íslands um hvort og á hvaða forsendum golfvöllur við Rif skuli háður mati á umhverfisáhrifum að teknu tilliti til 2. viðauka í lögum um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000.

Náttúrufræðistofnun hefur farið yfir matsskyldutilkynningu vegna framangreindrar framkvæmdar og telur með hliðsjón af hlutverki stofnunarinnar og með hliðsjón af 2. viðauka laga um mat á umhverfisáhrifum að framkvæmd golfvallar á svæði sunnan við Rif sé ekki líkleg til að valda umtalsverðum umhverfisáhrifum. Svæðið er hluti af svæði 223. á náttúruminjaskrá. Það svæði er mjög stórt og er á náttúruminjaskrá vegna fjölbreytts landslags frá fjöru til efstu tinda, jarðminja, m.a. hrauna frá nútíma, auk þess sem svæðið er mikil útvistarsvæði. Náttúrufræðistofnun telur golfvöll á þessu svæði ekki skerða framangreinda eiginleika svæðisins enda um að ræða mjög lítinn hluta þess og framkvæmd sem hefur t.d. ekki mikil landslagsáhrif né áhrif á jarðminjar.

Eins og uppbryggingu golfvallarins er lýst telur Náttúrufræðistofnun jafnframt að skerðing á mikilvægum vistgerðum, s.s. votlendi, og búsvæðum fugla verði haldið í lágmarki og áhrif óveruleg enda gert ráð fyrir að golfbrautir liggi að langmestu leiti t.d. utan votlendissvæða en þau eru ekki stór innan þess svæðis þar sem brautir eiga að liggja. Fyrir eru heldur ekki skráðar mikilvægar vistgerðir skv. skráningu Náttúrufræðistofnunar, t.d. votlendisvistgerðir, á framkvæmdasvæðinu sem eru 2 ha eða stærri, sbr. m.a. með hliðsjón 61. gr. laga um náttúruvernd nr 60/2013.

Þó golfvellir verði aldrei náttúrulegir þá er lagt upp með á þessu svæði að nýta sem best fyrirliggjandi gróður og ekki er ólíklegt að fuglalíf geti að hluta þrifist áfram innan svæðisins. Vegur liggur nú þegar að svæðinu og verður því ekki rask á landi vegna lagningu nýs vegar. Flugbraut er ekki langt frá og í heild má segja að fyrirhugaður golfvöllur nýti að hluta svæði sem þegar hefur verið raskað. Ekki er ástæða til að ætla að rekstur golfvallarins valdi umtalsverðum



Íslensk
félags
umhverfisáhrifum

umhverfisáhrifum. Neikvæð sammögnunaráhrif eru því ekki líkleg. Golfvöllurinn á að vera 9 holur en ekki 18 og miðast þessi umsögn við að svo verði áfram.

Gert er ráð fyrir að kanna kríuvarp næsta sumar og ef í ljós kemur að taka þarf tillit til þess verður lega golfvallarins endurmetin. Golfvöllurinn er nokkuð langt frá votlendi og fuglaskoðunaráhúsi við þjóðveginn og Rif og ekki líklegt að hann hafi áhrif á það fuglasvæði.

Helstu mótvægisgerðir felast í legu/framkvæmd og gerð golfvallarins en reynt verður að nýta landið eins og það er fyrir samkvæmt tilkynningu.

Með hliðsjón af framangreindu og að farið verði eftir því sem kemur fram í tilkynningunni og að teknu tilliti til 2. viðauka laga um mat á umhverfisáhrifum telur Náttúrufræðistofnun ekki líklegt að framangreind framkvæmd geti valdið umtalsverðum umhverfisáhrifum.

Virðingarfullst

Trausti Baldursson

Trausti Baldursson
forstöðumaður vistfræði- og ráðgjafardeildar

Íslensk
félags
umhverfisáhrifum

